

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Asparlundar og Bjargslundar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2005, breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Asparlundar og Bjargslundar í Mosfellsbæ.

Breytingin felst í því að gata sem áður var hluti af Reykjamel verður Asparlundur og tengist Bjargsvégi, einnig var lóðum breytt. Stærðum lóða við Bjargslund sem áður hét B-húsagata var breytt svo og nokkrum lóðum við Reykjamel.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. 7. febrúar 2006,*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2006